

Hópsjúkdómatrygging

- Fyrirtæki og félagasamtök -

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir hópváttryggingarsamning við félagið.

Hópur: Þeir starfsmenn/félagsmenn váttryggingartaka sem eru fastráðnir og hafa verið að fullu vinnufærir og í starfi hjá váttryggingartaka í a.m.k. 3 mánuði fyrir gildistöku tryggingarinnar.

Váttryggður: Þeir starfsmenn váttryggingartaka sem falla undir hópin.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

Réttthafi: Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarsamningi og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið.

Aðalgjaldagi: Aðalgjaldagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem váttryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

1. GR. INNGANGUR

Váttrygging þessi er hópsjúkdómatrygging fyrir þá starfsmenn/félagsmenn sem tilgreindir eru í samningi váttryggingartaka (fyrirtækis eða félagasamtaka) og félagsins.

Grundvöllur váttryggingarsamningsins er

- skilmálar þessir,
- yfirlýsing váttryggingartaka, eða upplýsingar úr váttryggingarumsókn, eftir því sem við á og nánar er kveðið á um í samningi milli váttryggingartaka og félagsins,
- önnur gögn sem tengjast váttryggingarsamningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar,
- samningur váttryggingartaka og félagsins um hópsjúkdómatrygginguna.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda varðandi þau atriði sem ekki eru ákvæði um í váttryggingarskilmálum þessum.

2. GR. GILDISTÍMI OG ALDURSTAKMÖRK

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

Váttryggingarsamningurinn gildir frá útgáfudegi. Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára og váttryggingin gildir að hámarki til 65 ára aldurs váttryggðs.

3. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafli laga nr. 30/2004.

4. GR. ENDURNÝJUN OG UPPSÖGN

Váttryggingarsamningurinn endurnýjast á aðalgjalddaga ár hvert, til eins árs í senn, hafi annar hvor samningsaðila ekki sagt honum upp mánuði fyrir aðalgjalddaga.

5. GR. ÞÁTTTAKA

Um lágmarksfjölda og þátttökuhlutfall í hópnum gilda reglur félagsins. Fullnægi hópurinn ekki skilyrðum um lágmarksfjölda og þátttökuhlutfall við lok tryggingarárs hefur félagið heimild til að fella samninginn úr gildi við lok næsta tryggingarárs, sé skilyrðum þá ekki fullnægt.

6. GR. UPPHAF OG LOK HÓPAÐILDAR

Ábyrgð félagsins gagnvart einstökum aðilum hefst þegar einstaklingur uppfyllir skilyrði til hópaðildar samkvæmt samningi váttryggingartaka og félagsins. Ábyrgð félagsins gagnvart hópfélaga lýkur sömuleiðis í lok þess almanaksmánaðar er skilyrði fyrir hópaðild eru ekki lengur fyrir hendi skv. samningi.

7. GR. VÁTTRYGGINGIN BÆTIR

Uppfylli hópaðili skilyrði fyrir bótagreiðslu skv. skilmálum þessum, greiðist sú váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi skv. váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum þessum.

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjald daga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

8. GR. RÉTTTHAFI VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR

Réttthafi bóta úr váttryggingu þessari er váttryggður.

9. GR. VÁTTRYGGINGARATBURÐUR OG SKILGREININGAR

A. Hjartaáfall/kransæðastífla (Myocardial infarction).

Drep í hluta hjartavöðvans, sem afleiðing ónógs blóðflæðis. Greiningin verður að byggja á því að þrjú eftirtalin einkenni séu öll til staðar:

- Dæmigerðir hjartakveisuverkir,
- nýjar breytingar á hjartalínuriti, og
- hækkun á hjartaensímum.

B. Hjartaskurðaðgerð – hjartalokuaðgerð (Heart Valve and Structural Surgery).

Váttryggður gengst undir opna skurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum, þar sem komið er fyrir nýrri hjartaloku, eða óeðlileg loka er lagfærð.

C. Kransæðaskurðaðgerð (Coronary Artery Disease Requiring Surgery).

Opin hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings til að lagfæra þrengsli eða stíflu í einni eða fleiri kransæðum með hjáveituaðgerð. Undir þetta falla ekki aðgerðir eins og kransæðavíkkun eða blástur (angioplasty), eða aðgerðir sem gerðar eru með leysitækni.

D. Skurðaðgerð á meginslagæð/ósæðaraðgerð (Aorta Surgery).

Váttryggður gengst undir opna skurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjarta- eða æðasjúkdómum, til að laga þrengsli, rof eða æðagúlp (flysjugúlp) á meginslagæð í brjóst- eða kviðarholi.

E. Heilaáfall/slag (Stroke).

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en sólarhring og felur í sér drep í heilavef, blæðingu og blóðrek. Skilyrði er einkenni varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.

F. Krabbamein (Cancer).

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja og ífarandi fruma. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði), en undanskilur:

- Staðbundið krabbamein (ekki ífarandi – in situ),
- æxli sem koma hjá sjúklingum með ónæmisbæklun (HIV),
- öll húðkrabbamein nema ífarandi illkynja sortuæxli (invasive malignant melanoma),
- 1. stig Hodgkinssjúkdóms,

Greining illkynja æxlis skal vera staðfest með vefjasýni.

G. Góðkynja heilaæxli (Benign Brain Tumour).

Æxli innan höfuðkúpu sem ekki eru illkynja. Undanskilin eru:

- Blöðrur (cysts),
- hnúðar (granulomas),
- heilahimnuæxli (meningiomas),
- seilaræxli (chordomas),
- æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum,
- heilamar og æxli í heiladingli eða mænu.

H. MS (Multiple Sclerosis).

Heila- og mænusigg sem einkennist af viðvarandi skemmdum í taugakerfinu, niðurbroti á slíðri sem umlykur taugavef í taugakerfinu (afmýlingu). Greining á að MS sjúkdómur sé til staðar þarf að vera ótvíræð, framkvæmd af sérfræðingi í taugasjúkdómum og staðfest með nútíma rannsóknartækni eins og segulómskoðun. Hinn vátryggði verður að hafa einkenni um óeðlilega taugastarfsemi, sem hafa staðið samfelt í a.m.k. 6 mánuði eða fengið staðfest tvö eða fleiri einkennandi köst.

I. MND (Motor Neuron Disease).

Hreyfitaugahrörnun (MND) sem greind hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

J. Liffærflutningur (Major Organ Transplantation).

Vátryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, lunga, lifur, brisi, nýra eða beinmerg.

K. Nýrnabilun (Kidney Failure).

Lokastig nýrnasjúkdóms sem einkennist af langvinnri óafturkræfri bilun á starfsemi beggja nýrna vegna hvaða orsaka sem er, þegar vátryggður gengst reglulega undir himnuskiljun eða blóðskiljun (renal dialysis) eða nýrnaigræðsla (renal transplantation) er framkvæmd.

L. Alzheimer (Alzheimer's Disease).

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Alzheimersjúkdómnum, fyrir 60 ára afmælisdag vátryggðs, með víðeigandi rannsóknnum og mati á sjúkdómseinkennum. Sjúkdómurinn leiðir til þess að vátryggður þarfnast stöðugs eftirlits og aðstoðar.

M. Parkinsonsveiki (Parkinson's disease).

Ótvíræð sjúkdómgreining gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum fyrir 60 ára afmælisdag vátryggðs. Vátryggingin nær einungis til Parkinsonsveiki af óþekktum ástæðum (idiopathic). Allar aðrar tegundir Parkinsonsveiki eru undanskildar.

N. Alvarleg brunasár (Major Burns).

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama vátryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára.

O. Útlímamissir (Loss of Limbs).

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlíma, ofan úlnliðs eða ökkliði.

P. Blinda (Blindness).

Alger og varanlegur missir sjónar á báðum augum, staðfestur af sérfræðingi í augnlækningum.

10. GR. TAKMARKANIR Á ÁBYRGÐ FÉLAGSINS

- Ekki eru greiddar bætur vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðunum eftir gildistöku vátryggingarinnar.
- Ef hinn tryggði hefur, fyrir aðild að þessari tryggingu, verið greindur með sjúkdóm, gengist undir aðgerð, eða fengið meðhöndlun við sjúkdómi sem leiðir til bótaskylds atburðar skv. 9. gr., tekur vátryggingarverndin ekki til þess vátryggingaratburðar og er félagið laust úr ábyrgð.
- Ef hinn tryggði hefur áður orðið fyrir einhverjum þeim atburði sem skilgreindur er í 9. grein skilmála þessara, tekur vátryggingarverndin ekki til þess atburðar. Ef um er að ræða A (hjartaáfall/kransæðastíflu) eða C (kransæðaskurðaðgerð), tekur vátryggingarverndin hvorki til vátryggingaratburðar A eða C.
- Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu vegna fleiri en eins vátryggingaratburðar til sama hópaðila að liðið hafi minnst 6 mánuðir milli atburðanna.
- Það er skilyrði fyrir bótaskyldu úr sjúkdómatryggingunni að vátryggingaratburðurinn verði á þeim tíma sem vátryggður var aðili að hópnum. Ekki skiptir máli hvenær hópaðili fékk vitneskju um greininguna.
- Réttur til bóta úr hópssjúkdómatryggingunni fellur niður við andlát hópaðila, hafi hann ekki áður gert skriflega kröfu um bætur og uppfyllt á þeim tíma skilyrði fyrir bótagreiðslu skv. skilmálum þessum.

11. GR. IÐGJALD

Iðgjald ákveðst skv. gildandi gjaldskrá á hverjum tíma og greiðir vátryggingartaki iðgjald fyrir alla hópfélaga. Í lok hvers tryggingarárs greiðir vátryggingartaki iðgjald fyrir hvern hópfélaga sem gengið hefur í hópinn á tryggingarárinu og reiknast iðgjaldið hlutfallslega fyrir það tímabil sem trygging hópfélagans hefur verið í gildi. Jafnframt endurgreiðir AL vátryggingartaka iðgjald fyrir hópfélaga sem gengið hafa úr hópnum á sama tímabili, og endurgreiðist iðgjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma sem liðinn er frá því hópfélagi gekk úr hópnum.

12. GR. SKYLDUR VÁTRYGGÐS VIÐ TJÓNSATBURÐ

Verði tjón sem talið er að vátryggingarskilmálar þessir taki til, skal tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og, ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefmir.

Réttthafi glatar rétti til bóta úr vátryggingunni ef ekki er gerð krafa um bætur með sannanlegum hætti til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Hafi sá sem leggur fram kröfu um greiðslu bóta úr vátryggingu þessari veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við tjónsuppgjör, sem hann veit eða má vita að leitt geti til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt á, glatar hann rétti til krafna á hendur félaginu, að öllu leyti eða að hluta, sbr. XVIII. kafla laga nr. 30/2004. Hafi sá sem á kröfu um bætur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar getur félagið ennfremur sagt upp öllum vátryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara.

13. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Iðgjald ákveðst skv. gildandi gjaldskrá á hverjum tíma og greiðir vátryggingartaki iðgjald fyrir alla hópfélaga. Í lok hvers tryggingarárs greiðir vátryggingartaki iðgjald fyrir hvern hópfélaga sem gengið hefur í hópinn á tryggingarárinu og reiknast iðgjaldið hlutfallslega fyrir það tímabil sem trygging hópfélagans hefur verið í gildi. Jafnframt endurgreiðir félagið vátryggingartaka iðgjald fyrir hópfélaga sem gengið hafa úr hópnum á sama tímabili, og endurgreiðist iðgjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma sem liðinn er frá því hópfélagi gekk úr hópnum.

14. GR. IÐGJALDABREYTINGAR OG RÉTTUR TIL BREYTINGA Á SKILMÁLUM

Félagið áskilur sér rétt til að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímanum, sbr. 133. gr. laga nr. 30/2004.

Iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins, miðað við váttryggingarfjárhæð og aldur váttryggðra, sé eigi annars getið í váttryggingarskilmálum.

15. GR. VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐ

Váttryggingarfjárhæð ákveðst til eins árs í senn skv. samningi váttryggingataka og félagsins.

16. GR. FRAMHALDSTRYGGING

Váttrygging þessi veitir ekki rétt til framhaldstryggingar, nema kveðið sé á um annað í samningi milli aðila.

17. GR. FYRNING

Um fyrningu fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004.

18. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Ágreining um bótaskyldu félagsins má leggja fyrir tjónanefnd váttryggingarfélaganna, málskotsaðila að kostnaðarlausu. Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefndir þessar og starfshætti þeirra veitir félagið.

Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

19. GR. FRESTUR TIL LÖGFRÆÐILEGGA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu.

20. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem rísa kunna vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

21. GR. RÉTTUR TIL UPPLÝSINGAÖFLUNAR

Við tilkynningu um bótaskyldan atburð er félaginu og endurtryggjendum þess heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga frá læknum, stofnunum og sjúkrahúsum um heilsufar og sjúkrasögu váttryggðs, þ.m.t. afrits sjúkraskrár, til þess að meta bótaskyldu félagsins.

22. GR. LOK VÁTTRYGGINGAR

Váttryggingin fellur úr gildi:

- Ef samningur félagsins og váttryggingartaka hefur fallið úr gildi,
- 2 mánuðum eftir að váttryggður gengur úr hóp.

Falli váttryggingin úr gildi er verðmæti hennar ekkert.

Skilmálar nr. HC1011
Gilda frá og með 01.01.2006
Var áður HC155